

Nd.

97. Nefndarálit

um frv. til laga um þjóðmenjasafn Íslands (þingskjal 41).

Nefndin hefir kynt sér ásigkomulag Forngripasafnsins eins og það er nú, og hefir borið sig saman við forstöðumann þess um frv. það, sem hér liggur fyrir. Er nefndin öll á einu máli um það, að húsakynnum þeim, sem safnið nú hefir, sé svo háttað. að varla sé nokkur tiltök fyrir einn mann að halda því opnu fyrir almenning og gæta þess um leið forsvaranlega.

Hitt hefir nefndina greint á um, hvort hægt væri að ráða nokkra bót á þessu nú þegar. Meiri hlutinn hefir litið svo á, að nauðsyn bæri til að þetta mikla og merkilega safn yrði að vera svo aðgengilegt fyrir almenning, sem frekast eru föng á, og að ekki mætti því láta dragast úr hömlu að veita nokkuru frekara fé til umsjónar safninu, svo að afnot þess geti verið nokkurn veginn greið. Er það auðsætt, að forstöðumaður þess getur á engan hátt komist af án þess að hafa aðstoðarmann og enda fleiri menn til gæzlu, hvort sem hann er sjálfur við eða ekki. En auk þess verður forstöðumaðurinn samkvæmt fornmenjalögum frá 16. nóv. 1907 mikinn part af sumrinu að vera í ferðalögum úti um land til þess að skrásetja fornmenjar landsins, og það er einmitt þann tíma ársins, sem safnið er mest sótt bæði af innlendum mönnum og útlendum. Safnið er og orðið mjög umfangsmikið og mikið við það að starfa. Flutningsmanni frv. og skrifara nefndarinnar þótti því bæði sanngjarnt, að forstöðumaður safnsins fengi nokkur sérstök laun fyrir starfa sinn, af því að laun þau er honum eru ætluð sem fornmenja-verði (1800 kr.) eru svo lág, að ekki er hægt fyrir mann kvæntan og heimilisföður að komast sæmilega af með þau, — og það kannast öll nefndin við. Svo og telur sami nefndarmaður, að skipa beri sérstakan aðstoðarmann við safnið. En til samkomulags hefir hann þó gengið að því, heldur en að safninu sé engin úrlausn gerð, að forstöðumanni safnsins verði veittar 1000 kr. til umsjónar á safninu og að honum sé þá jafnframt gert að skyldu að taka sér fastan aðstoðarmann, er hann svo sjálfur borgi af þessum 1000 kr. Fellur þá niður 3. gr. frv.

Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt, að safnið sé á tímabilinu frá 15. júní til 15. sept. opið 2 klukkustundir á dag, en um vetrartímamann þykir sem nægja muni, sé því haldið opnu 2 klst. á dag þrisvar í viku.

Um safn þetta eru engin lög né reglur til, sem þó er nauðsynlegt að sé. Við ráðum því deildinni til að samþykkja frv. með þessum breytingum:

1. Aftan við 2. gr. bætist: »og launa þar af aðstoðarmanni eftir því, sem þörf krefur«.
2. 3. gr. falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.
3. Við 4. gr. (sem verður 3. gr.). Eftir orðin: »burt af safninu« bætist inn: »né farga þeim«.
4. Við 4. gr. Orðin: »og því síður á nokkurn hátt« falli burt.

Alþingi 2. marz 1909.

Jón Þorkelsson Einar Jónsson.
skrifari.

Eg hefi ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumvarp þetta, nema að mjög litlu leyti.

Eg lít svo á, að stjórnin mundi að sjálfsögðu hafa lagt það til, að meira fé væri lagt til forngripasafnsins í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir alþingi, ef brýn þörf væri hinnar auknu fjárveitingar, sem í frumv. felst. Það er auðsætt, að stjórnin telur unt að fylgja lögum frá síðasta þingi um verndun fornmenja, og að annast forngripasafnið viðunanlega með því fjárframlagi, sem hún áætlað í fjárlagafrv. Þegar af þeirri ástæðu tel eg ekki nauðsynlegt að samþykkja frv þetta. Auk þess felst í frumv. visir fasts embættis við safnið. En að svo stöddu tel eg mjög óráðlegt að stuðla til þess, að sá visir nái fullum þroska.

Af framangreindum ástæðum hlýt eg að ráða hinni háttv. deild til að fella frumv. þetta.

Alþingi 2. marz 1909.

Hálfván Guðjónsson
formaður.